

Skíðaferð

Skíðaferðir hafa í gegnum tíðina verið vinsælar meðal framhaldsskólanemenda og eiga margir góðar minningar úr slíkum ferðum. Einhverra hluta vegna hefur áhugi á skíðaferðum innan skólans dvínað undanfarin ár en um síðustu helgi var farið ferð sem gefur fyrirheit um að grundvöllur sé fyrir skíðaferðum þar sem heilnæmi og hollusta er í fyrirrúmi. Skilyrðið fyrir ferðinni var að hún yrði að öllu leyti áfengislaus enda leggur skólinn áherslu á að nemendur tileinki sér heilbrigðan lífstíl.

Ferðin var á vegum íþróttanefndar undir forystu formanns hennar, Agnesar Jóhannsdóttur. Förlinn var heitið til Dalvíkur og nutum nemendur frábærrar aðstöðu í Húsabakkaskóla. Skemmst er frá því að segja að nemendur stóðu fullkomlega undir öllum þeim væntingum sem gerðar voru til þeirra. Nemendur fengu alls staðar góðar viðtökur og launuðu þær með háttvísi og þrúðmennsku í hvívetna. Skólinn er mjög stoltur af því hvernig þessi ferð gekk.

Ræðukeppni á ensku

Laugardaginn 27. febrúar stóð 'The English Speaking Union' á Íslandi (<http://groupspaces.com/esu/>) fyrir ræðukeppni á ensku í nýju húsnæði Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík. Verkefnið studdu sendiráð enskumælandi landa, Bandaríkjanna, Bretlands og Indlands, og voru fulltrúar þeirra viðstaddir. Sex keppendur mættu: frá Menntaskólanum við Hamrahlíð, Menntaskólanum á Akureyri, Fjölbautaskólanum Ármúla og Verzlunarskóla Íslands. Umræðuefni voru margvísleg, hlýnun jarðar, lögleiðing eiturlyfja, Facebook og hvers vegna ástæða væri til bjartsýni fyrir Íslendinga. Bogi Ágústsson stýrði keppninni og í dómnefnd sátu Alyson Bailes, Einar Hreinsson og Mallika Swaminathan. Skemmst er frá því að segja að með ræðu sinni um að fólk ætti að venja sig

af því að óttast breytingar (og mannrán!) lenti Haraldur Tómas Hallgrímsson, 6Y, í öðru sæti og sigur úr bítum bar Oddur Sigurðsson, 6T, með málsvörn fyrir lýtalækningar. Glæsilegur árangur hjá okkar mönnum – fulltrúi bandaríska sendiráðsins sá Odd fyrir sér sem öflugan málþófsmann í framtíðinni! Oddur fer til Lundúna í maí og keppir þar í ræðulist við ungmenni hvaðanæva að úr heiminum. Ytra verður einnig boðið upp á leikhúsferðir, kynnisferð í þinghús Breta og fleiri viðburði. Sá eða sú sem ber sigur úr bítum í alþjóðlegu keppninni mun síðar taka við viðurkenningu í konungshöllinni Buckingham Palace. Bar öllum viðstöddum saman um að frammistaða allra keppenda hafi verið frábær, og öruggt að þessi viðburður festir sig í sessi hér á landi.

Kosningar í nemendafélaginu

Eitt af hlutverkum skóla er að undirbúa nemendur undir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Þetta er mjög mikilvægt hlutverk enda skiptir miklu að einstaklingar séu virkir í samfélaginu og hafi vilja til þess að nýta sér þau áhrif sem hann getur haft á ákvarðanir sem teknar eru um hans eigið líf, líf annarra og umhverfið. Vissulega er hugað vel að þessum þáttum í námsefni skólans en líklegast fá nemendur hvergi betra tækifæri til þess að taka þátt í beinu lýðræði en í kosningunum til embætta innan nemendafélagsins. Vikuna 22. - 26. mars fara fram

kosningar innan NFVÍ og þá þurfa nemendur að taka gagnrýna og ígrundaða afstöðu til samnemenda sinna sem eru í framboði og málefna sem varða framtíð þeirra. Nemendasamfélagið er mjög upptekið af kosningunum, enda mjög frambærilegir nemendur að bjóða sig fram, og margar áleitnar spurningar vakna um framgang lýðræðis og aðferðir frambjóðenda við að vekja athygli á sínum málstað. Fyrir foreldra og forráðamenn er nú kjörið tækifæri til þess að taka upp umræðu um lýðræði almennt heima fyrir.

Útskrift

Brautskráning stúdenta verður laugardaginn 22. maí. Athöfnin fer fram í Háskólabíói og hefst klukkan 12:45. Gera má ráð fyrir að athöfnin ásamt myndatöku taki u.þ.b. þrjár klukkustundir.

Hipp hopp ball

Í kvöld verður haldið hipp hopp ball á Nasa. Húsið verður opnað klukkan 22:00 og því lokað klukkan 00:00. Skólinn ætlar að verðlauna nemendur í 3. bekk fyrir frammistöðu þeirra í vetur með því að bjóða þeim á ballið. Nemendur í 3. bekk hafa verið til fyrirmyndar á böllum í vetur, stóðu sig vel á jólaprófum og hafa mætt vel og verið sjálfum sér til sóma allt frá nýnemaferðinni í haust. Óskum við þeim góðrar skemmtunar á ballinu í kvöld.

Frá foreldrafélaginu

Vegna umræðna undanfarið um áfengismælingar á dansleikjum Verzlunarskólans vill stjórn foreldrafélagsins koma því á framfæri að mikil og jákvæð breyting hefur orðið á aðkomu nemenda að skemmtunum skólans sl. 2 ár. Nemendur eru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma.

